

425. fundur framkvæmdanefndar búvörusamninga 7. desember 2017, kl. 13:00 í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Þessir sátu fundinn:

Ólafur Friðriksson, starfandi formaður, Arnar Árnason formaður LK, Guðrún Ögmundsdóttir sérfræðingur FJR, Katrín María Andrésdóttir, frkvstj. SG og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ. Forföll boðaði Páll Rafnar Þorsteinsson fv. aðstm. ráðherra. Þá voru mætt Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu Matvælastofnunar, Sigurður Eypórsson, frkvstj. BÍ og Oddný Steina Valsdóttir formaður LS, ásamt Arnari Frey Einarssyni ANR og Elísabetu Önnu Jónsdóttur ANR.

Fundargerð ritaði Arnar Freyr Einarsson ANR.

Dagskrá:

1. Fundargerð 424. fundar lögð fram og samþykkt eftir lítils háttar breytingar.
2. Ályktun aukafundar LS. Lagt var fram minnisblað, tekið saman af lögfræðingi ráðuneytisins, í framhaldi af erindi Landssambands sauðfjárbænda vegna samþykktar á aukafundi 19. september sl. Í erindinu var skorað á nefndina að stöðva nú þegar niðurtröppun beingreiðslna til bænda. Ítarlega var fjallað um efni minnisblaðsins og var niðurstaða framkvæmdanefndar eftirfarandi, sjá nánar niðurlag minnisblaðsins.

„[...] er það mat framkvæmdanefndar búvörusamninga að það að stöðva niðurtröppun beingreiðslna teljist grundvallarbreyting á forsendum gildandi samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar og myndi þar að auki ganga í berhöggi við skýran texta samningsins. Slík breyting verði ekki endurskoðuð fyrr en við fyrri samningsbundnu endurskoðun, árið 2019, samkvæmt skýru orðalagi samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar dags. 19. febrúar 2016.“

Fulltrúar bænda tóku fram að skilningur þeirra hefði verið að samningurinn heimilaði að færa mætti fjármuni á beingreiðslur af öðrum verkefnum innan hans, en ekki öfugt. Í ljósi afdráttarlausrar niðurstöðu ráðuneytisins gerðu þeir ekki athugasemdir, þó hún kæmi á óvart. Fulltrúar bænda telja jafnframt skýrt að hægja eigi á niðurtröppun í tengslum við endurskoðun samningsins 2019 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, auk þess sem þá væri heimilt að endurskoða önnur ákvæði samningsins.

3. Tillaga MAST um heildargreiðslumark mjólkur 2018. Tekin var fyrir tillaga MAST dags. desember 2017 um að heildargreiðslumark mjólkur verðlagsárið 2018 verði 145 milljónir lítra. Söluspá SAM fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir að sala geti náð 148-149 milljónum lítra á fitugrunni og söluspá MS er 145,3 milljónir lítra. Eftir umræður var tillaga MAST staðfest og var samþykkt að mæla með því við ráðherra að greiðslumark mjólkur verði 145 milljónir lítra verðlagsárið 2018. Þá var jafnframt lögð fram tillaga LK um að framleiðsluskylda í mjólk verði 95%, (er nú 90%) og samþykkti nefndin að mæla með því við ráðherra.
4. Framleiðsla geitamjólkur. Fulltrúi MAST greindi frá því að nú væri verið að ganga frá greiðslum vegna innlagðrar geitamjólkur.

5. Fjárfestingarstuðningur og úreldingabætur í svínarækt. Eins og fram kom á síðasta fundi eru svínabændur áhyggjufullir um framtíðarumhverfi greinarinnar vegna ýmissa óvissuþátta. Af þeim sökum hafa svínabændur hafa óskað eftir að fresta afgreiðslu á báðum tegundum styrkja og vilji er af þeirra hálfu til að draga umsóknir til baka, að því gefnu að vissa fáiist um að fjármunir þessa árs geti færst yfir til næsta árs.

Nefndarmenn voru sammála um að allir liðir og fjárhæðir sem þeim fylgir sé samkvæmt gildandi búvörusamningum og þar að leiðandi ættu upphæðir þeirra ekki að skerðast þótt fjármunir flytist á milli ára. Fulltrúi fjármálaráðherra í nefndinni hafði fyrirvara um þetta atriði en fram kom að unnið væri að reglugerð um tilfærslu fjármuna vegna nýrra laga um opinber fjármál í fjármálaráðuneytinu.

6. Ráðstöfun greiðslna vegna nautakjötsframleiðslu 2018. Fram kom hjá fulltrúum bænda að samkvæmt áætlun einangrunarstöðvarinnar vantar um 35 m.kr. í byggingu hennar. Ákveðið var að ráðstafa 25 m.kr. til reksturs einangrunarstöðvar og afgangur af liðnum „nautakjötsframleiðsla skv. 9. gr.“ í sláturálag, eða um 100 m.kr.
7. Yfirlit yfir framleiðslu í garðyrkju. Lagt var fram yfirlit yfir heildarframleiðslu á tómtum, agúrkum og papriku.
8. Drög að reglugerðum um almennan stuðning við landbúnað, garðyrkju, nautgriparækt og sauðfjárrækt lögð fram. Farið var yfir framlagðar reglugerðir og ábendingar hagsmunaaðila sem borist höfðu. Ákveðið var að birta reglugerðardrögin á vefsíðu ráðuneytisins til umsagnar.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 15:20.